



# Fréttabréf

## Sölufélags Austur Húnavetninga

24. Árgangur, 1. Tölublað

Mars 2004

### Félagsmál

Reiknað er með að halda þrjá deildarfundir á næstu vikum

Í Dalsmynni verður haldinn fundur fyrir félagsmenn í Svínavatns og Bólstaðarhlíðarhreppum.

Í Steinkoti verður haldinn fundur fyrir félagsmenn í Ás- og Sveinstaðarhreppi.

Á Blönduósi verður haldinn fundur fyrir félagsmenn í Skagabyggð, Torfalækjar-Engihliðar- og Blönduós-deildum.

Tímasetningar deildarfunda og aðalfundar verða auglýstar nánar síðar.

### Hagnaður af rekstri Sölufélags Austur Húnavetninga

Rekstrarhagnaður Sölufélags Austur Húnavetninga á árinu 2003 varð rúmlega 0,5 m.kr. á móti 13,2 m.kr. tapi árið 2002

Afkoma af rekstri fyrir fjármagnsliði batnaði um 5,7 m.kr. og fjármagnsgjöld lækka um 7,3 m.kr. en lækkun þeirra og lækkun á töpuðum viðskipta-kröfum skýrir að stórum hluta bættan rekstrarárangur.

Rekstrartekjur SAH urðu 636 m.kr. 2003 á móti 594 m.kr. 2002 og jukust því um 7%. Er það aðallega aukin

slátrun sauðfjár og aukin áhersla á forvinnslu afurðanna fyrir sölu sem skýrir tekjuaukninguna.

Rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði námu 625 m.kr. árið 2003 en voru 589 m.kr. árið 2002 og jukust því um 6%, en þar af voru afskriftir um 19 m.kr. sem er svipað og árið 2002.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði varð 10,9 m.kr. á móti 5,1 m.kr. árið 2002.

Fjármagnsgjöld lækka mikið á milli ára, og eru fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur 9,1 m.kr. 2003 á móti 16,5 m.kr. 2002.

Í ljósi erfiðleika á kjötmarkaði á liðnum

mánuðum verður þessi rekstrarárangur að teljast viðunandi. Ljóst er að bændum er greitt eins hátt verð og mögulegt er fyrir innlagðar afurðir.

Til lengri tíma litið er nauðsynlegt að reka fyrirtæki eins og SAH með hagnaði svo svigrúm sé til vöruþróunar og fjárfestinga.

Á liðnu ári var fjárfest í fastafjármunum fyrir 13,5 m.kr. og áætlað er að fjárfesta fyrir um 19 m.kr. árið 2004.

Helstu fjárfestingar eru stækkun kjötsals og, endurnýjun á lyftara ásamt breytingum á búningaöstöðu fyrir starfsfólk kjötvinnslu.

### Lifandi landbúnaður



Anna Margrét Jónsdóttir og Jón Gíslason kynna lambakjöt í Húnakaupum, á vegum Lifandi landbúnaðar.

Þetta framtak var mjög jákvætt og mæltist vel fyrir hjá þeim sem gáfu sér tíma í jólastressinu til að smakka á gómsætu lambakjöti.

Margir bændur komu að kynningunni sem var samstarfsverkefni Lifandi landbúnaðar, bænda, Húnakaupa og Sölufélags Austur Húnavetninga

## Greiðslu flýtt

Þar sem útflutningur dilkakjöts hefur gengið vonum frammar hjá SAH ákvað stjórn SAH á stjórnarfundum þann 11. mars sl. að flýta greiðslu fyrir útflutning sem átti að vera 20. apríl, fram til 19. mars.

Með því móti eru innleggjendur látnir njóta þess hversu vel hefur tekist til með útflutning undanfarna mánuði.

Það er og hefur verið stefna SAH að láta bændur njóta þeirra bestu kjara sem félagið getur boðið, enda er hlutverk þess að slátra og selja sláturfurðir með hagkvæmum hætti.



Fé í Auðkúlurétt í september 2003

## Tað—Tað—Tað

Vel hefur gengið að reykja dilkakjöt í hinu nýja reykhusi sem tekið var í notkun í lok síðasta árs. Kjötið hefur líkað ákaflega vel og því ljóst að vel hefur til tekist.

Nú er svo komið að skortur á góðu vel þurrkuðu taði gæti orðið hamlandi þáttur í starfseminni.

Bændur eru hvattir til að þurrka tað og hafa samband við sláturhússtjóra. Greiddar eru 40 kr. á kg. af vel þurrkuðu taði.

## Kindakjöt

Sala dilkakjöts hefur gengið all vel hjá SAH það sem af er ári

Birgðir eru nú tæpum 100 tonnum minni en á sama tíma í fyrra. Sala er jöfn, og allir stærstu viðskiptaaðilar SAH hafa haldið tryggð við félagið.

Enn er mikið verðstríð í gangi á kjötmarkaði og þar starfa fyrirtæki sem ekki koma framleiðslu sinni í verð nema með því að undirbjóða aðra aðila á markaði.

Útflutningur hefur gengið vel, og standa vonir til að honum ljúki áður en

ný sláturtíð hefst. Mest af útflutningi SAH fer til Færeyja, Noregs og Japans. Sterkt gengi íslensku krónunnar hefur þó leitt til þess að skilaverð til SAH er lægra en gert var ráð fyrir, sérstaklega á því kjöti sem fer á noregsmarkað.

## Folaldakjöt

Folaldaslátrun er að ljúka. Greinilegt er að aukið framboð á fersku folaldakjöti í svo langan tíma sem raun ber vitni, hefur haft jákvæð áhrif á markaðsstöðu þess.

Stefnt er að því að hefja folaldaslátrun að nýju í ágúst og bjóða þá eitthvað hærra verð heldur en í september og október.

## Nautgripakjöt

Biðlistar eftir slátrun nautgripa eru nokkrir, en þó mun minni en verið hafa undanfarin ár.

Kýr vantar til slátrunar og hefur verð á þeim hækkað nokkuð til bændu. Í augnablikinu virðist samt ekki vera svigrúm til frekari verðhækkana.

Fréttabréf Sölufélags Austur Húnavetninga

Ritstjóri og ábyrgðarmaður

Sigurður Jóhannesson